

# **Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar**

Ársreikningur 2014

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar  
Sigtúni 42  
105 Reykjavík  
Kt. 430269-6589

## Efnisyfirlit

---

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	2-3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris ársins 2014 .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8-13
Kennitölur .....	14

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Starfsemi sjóðsins á árinu

Starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar var með hefðbundnum hætti á árinu. Rekstrarkostnaður nam 75,3 m.kr. sem er 0,1% af hreinni eign eins og árið áður. Fjárfestingargjöld námu 101,7 m.kr. samanborið við 99,3 m.kr. 2013. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur hans samkvæmt samningi þar um.

## Iðgjöld

Á árinu 2014 greiddu 562 sjóðfélagar iðgjöld að meðaltali á mánuði til A-deildar (613). (Tölur innan sviga eru vegna ársins á undan). Alls áunnu 541 sjóðfélagar sér réttindi vegna greiddra iðgjalda á árinu 2014 (594). Óvirkir sjóðfélagar sem eiga réttindi hjá sjóðnum eru 14.020 talsins (14.271), þar af 1.446 í A-deild (almenn deild) og 12.574 í B-deild (stiga deild).

Iðgjöld sjóðfélaga ásamt móttframlagi launagreiðenda námu 327,1 m.kr. árið 2014 (330,5), sem samsvarar um 1% lækkun. Endurgreiðslur launagreiðenda á greiddum lífeyrir eða sérstakt aukaframlag var 1.727,0 m.kr. (1.571,0) og hækkaði þessi liður um 9,9%. Heildariðgjöld til sjóðsins á árinu 2014 námu 2.048,8 m.kr. (1.901,4) sem svarar til 7,8% hækkunar á milli ára. Réttindaflutningur og endurgreiðslur voru nettó 5,3 m.kr. í útgreiðslur.

Endurgreiðsluhlutfall greidds lífeyris var að tillögu tryggingastærðfræðings 69% árið 2014, sem er óbreytt frá fyrra ári. Þær stofnanir og fyrirtæki sem gert hafa upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar eru ekki krafín um hlutdeild í greiðslu lífeyris.

## Lífeyrir

Heildargreiðslur lífeyris á árinu 2014, námu 3.212 m.kr. (2.929) sem er 9,7% hækkun milli ára sem skýrist að mestu vegna fjölgunar á lífeyrisþegum. Lífeyrisþegar voru að meðaltali 3.109 (3.027) á mánuði, þ.e. 2.325 (2.181) sem fengu ellilífeyri, 358 (375) örorkulífeyri, 414 (456) makalífeyri og 12 (15) barnalífeyri.

## Fjárfestingar

Í árslok 2014 námu fjárfestingar sjóðsins 67.517,9 m.kr. (65.709,5). Á árinu ráðstafaði sjóðurinn 6.930,7 m.kr. til fjárfestinga, þ.e. 4.514,9 m.kr. til kaupa á verðbréfum með föstum tekjum og 2.405,8 m.kr. til kaupa á verðbréfum með breytilegum tekjum. Seld verðbréf og fengnar afborganir námu 6.155,5 m.kr. á árinu.

Samsetning fjárfestinga er þannig að 98,7% eru í íslenskum krónum en 1,3% í öðrum gjaldmiðlum.

Varúðarniðurfærsla óskráðra verðbréfa nam 730,7 m.kr. í árslok 2014, og lækkaði um 36,2 m.kr. milli ára.

## Tryggingafræðileg athugun

Samkvæmt athugun Bjarna Guðmundssonar tryggingastærðfræðings, á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í árslok 2014 nam áfallin skuldbinding A-deildar 78.481 m.kr. og áfallin skuldbinding B-deildar 3.841 m.kr. eða samtals 82.322 m.kr.

Borgarsjóður Reykjavíkur ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

## Ávöxtun á markaði

Úrvalsvísitala innlendra hlutabréfa OMX18 hækkaði um 4,1% á árinu. Vísitala innlendra skuldabréfa hækkaði um 1,5% fyrir verðtryggð og 10,4% fyrir óverðtryggð. Vísitala neysluserðs til verðtryggingar hækkaði um 1,0%. Heimsvísitala hlutabréfa hækkaði um 14% mælt í íslenskum krónum og 2,9% mælt í bandaríkjadöllum.

## Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 68.077,0 m.kr. í árslok, samborið við 65.834,6 m.kr. í ársbyrjun sem svarar til 3,4% hækkunar.

Skuldabréf með ríkisábyrgð eru 75,8% af verðbréfum með föstum tekjum í árslok og skuldabréf sveitarfélaga, fyrirtækja og lánastofnana samtals 24,2%. Ávöxtun sjóðsins tekur þannig að mestu mið af verðbólgu ársins og föstum vöxtum bréfanna.

Nafnávöxtun sjóðsins var 5,2% (8,0%) og hrein raunávöxtun 4,1%, (4,2%). Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar er 3,5% en lífeyrisskuldbindingar eru núvirtar með 3,5% ávöxtunarkröfu. Í kennitölum meðfylgjandi ársreiknings er að finna upplýsingar um ávöxtun einstakra ára.

## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra frh.

### Atburðir eftir lok reikningsskiladaqs

Það hafa engir atburðir orðið eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu fyrir ársreikninginn.

### Framtíðarþróun

Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að löggjöld til hans og ávöxtun þeirra dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Samkvæmt 22. grein samþykktu sjóðsins skulu því borgarsjóður Reykjavíkur og aðrir launagreiðendur greiða tiltekinn hundraðshluta lífeyris skv. ákvörðun borgarstjórnar að fenginni umsögn sjóðstjórnar og tryggingafræðings. Það hlutfall er nú 69%. Miðað við það hlutfall til framtíðar verða heildar eignir sjóðsins verulega hærri en heildar skuldbindingar. Fyrirhugað er að ráðstafa skuldabréfinu sem Reykjavíkurborg lagði inn í sjóðinn vegna sölu hluta hennar í Landsvirkjun á móti ákveðnum skuldbindingum. Áfram verður lögð áhersla á trygga ávöxtun með fjárfestingum í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs og annarra opinberra aðila.

### Staðfesting stjórnar

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014 í samræmi við lög um ársreikninga.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. apríl 2015.


Í stjórn



Björk Vilhelmsdóttir  
stjórnarformaður



Þorgrímur Hallgrímsson




Heiðar Ingi Svansson



Hildur Sverrisdóttir

Ása Clausen

Framkvæmdastjóri



Gerður Guðjónsdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar og kennitölur.

## Ábyrgð stjórnenda og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 22. apríl 2015.

PricewaterhouseCoopers ehf.

  
lögjiltur endurskoðandi

## Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris á árinu 2014

	Skýr.	2014	2013
Löggjöld	6		
Löggjöld sjóðfélaga .....		100.327.126	102.951.362
Löggjöld launagreiðenda .....	17	226.806.407	227.536.534
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(5.317.780)	(48.093)
Hlutdeild í endurgreiddum lífeyri .....		1.597.083.285	1.448.523.976
Sérstök aukaframlög .....	17	129.910.778	122.450.824
		<u>2.048.809.816</u>	<u>1.901.414.603</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	18	(3.207.420.818)	(2.924.837.656)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....		(142.521)	(222.423)
Framlag til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs .....		(4.414.003)	(3.911.682)
		<u>(3.211.977.342)</u>	<u>(2.928.971.761)</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>	7		
Tekjur af eignarhlutum .....	19	173.501.199	240.094.287
Vaxtatekjur og gengismunur .....	20	3.375.019.523	4.759.976.299
Breyting á niðurfærslu .....	23	34.102.309	107.492.236
		<u>3.582.623.031</u>	<u>5.107.562.822</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>	8		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(50.217.978)	(46.966.046)
Önnur fjárfestingargjöld .....		(51.521.590)	(52.376.973)
		<u>(101.739.568)</u>	<u>(99.343.019)</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(75.326.967)	(70.449.070)
<b>Hækkun á hreinni eign á árinu</b> .....		<u>2.242.388.970</u>	<u>3.910.213.575</u>
<b>Hrein eign frá fyrra ári</b> .....		<u>65.834.582.648</u>	<u>61.924.369.073</u>
<b>Hrein eign í lok árs til greiðslu lífeyris</b> .....		<u>68.076.971.618</u>	<u>65.834.582.648</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr.	2014	2013
Fjárfestingar	10,11,12		
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	21	6.965.516.393	6.083.221.044
Verðbréf með föstum tekjum .....	22,23	59.447.017.653	57.949.188.656
Veðlán .....	24	697.577.217	908.270.146
Bankainnistæður .....		407.813.241	768.775.503
	25,26	<u>67.517.924.504</u>	<u>65.709.455.349</u>
Kröfur	27		
Kröfur á launagreiðendur .....		64.031.482	55.927.201
Aðrar kröfur .....	0	197.543.157	2.164.133
		<u>261.574.639</u>	<u>58.091.334</u>
Aðrar eignir			
Sjóður og veltiinnlán .....		356.759.829	171.477.232
		<u>68.136.258.972</u>	<u>65.939.023.915</u>
Viðskiptaskuldir			
Ýmsar skuldir .....		59.287.354	104.441.267
		<u>59.287.354</u>	<u>104.441.267</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....		<u>68.076.971.618</u>	<u>65.834.582.648</u>
Tryggingafræðileg athugun	30		
Laun stjórnenda og þóknun endurskoðenda	28,29		

## Sjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Inngreiðslur</b>			
Iðgjöld .....		1.845.326.511	1.895.712.063
Fjárfestingartekjur.....		2.178.383.647	1.927.920.495
Afborganir verðbréfa.....		2.415.813.849	2.096.927.906
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....		2.079.339.691	2.117.254.538
Seld verðbréf með föstum tekjum.....		1.660.328.260	4.818.206.523
Aðrar inngreiðslur.....		0	21.285.216
		10.179.191.958	12.877.306.741
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir.....		(3.211.977.342)	(2.928.971.761)
Fjárfestingargjöld.....		(101.739.568)	(99.343.019)
Rekstrarkostnaður .....		(75.326.967)	(70.449.070)
Aðrar útgreiðslur.....		(45.153.913)	0
		(3.434.197.790)	(3.098.763.850)
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....		6.744.994.168	9.778.542.891
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....		(2.405.758.644)	(4.188.494.472)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....		(4.514.915.191)	(4.942.692.327)
Lækkun (hækkun) á bankainnistæðum .....		360.962.262	(708.835.401)
		(6.559.711.573)	(9.840.022.200)
Hækkun/(lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum .....		185.282.597	(61.479.309)
Sjóður og veltiinnlán í upphafi ársins .....		171.477.232	232.956.541
Sjóður og veltiinnlán í lok ársins .....		356.759.829	171.477.232



## I) Starfsemi

### 1. Almenn

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) var stofnaður með samþykkt bæjarstjórnar þann 2. janúar 1930 og hét þá Eftirlaunasjóður Reykjavíkurbæjar. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullgilt starfsleyfi, sem gefið var út 8. desember 1998. Sjóðurinn rekur tvær samtryggingadeildir, A deild og B deild (nr. 640).

### 2. Sjóðfélagar

#### Lokaður sjóður

Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1. janúar 1998 og fellur starfsemi hans nú undir ákvæði 54. gr. laga nr. 129/1997.

#### A deild

A deild er almenn deild. Sjóðfélagar eru allir starfsmenn Reykjavíkurborgar og stofnana hennar, sem unnið hafa hjá þessum aðilum hálf tæri eða meira í fulla tölfrá mánuði og falla undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Iðgjald er 12%, þ.e. 4% frá sjóðfélaga og 8% frá launagreiðanda. Hafi sjóðfélagi greitt til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldgreiðslur hans niður og launagreiðandi greiðir 12%. Lífeyrir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri hafi sjóðfélagi greitt í a.m.k. 5 réttindaár, örorkulífeyrir, ævilangur makalífeyrir og barnalífeyrir. Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár.

Lífeyrisréttindi eru miðuð við laun sem fylgja starfi því er sjóðfélagi gegndi síðast (eftirmannsregla) eða breytast með meðalvísitölu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sem Hagstofa Íslands reiknar út.

#### B deild

Framangreind ákvæði gilda ekki um réttindi sjóðfélaga sem ekki ná fimm ára starfstíma. Um réttindi þeirra gilda ákvæði samkvæmt grundvallarreglugerð Sambands almennra lífeyrissjóða frá árinu 1997 og eru réttindi þeirra sjóðfélaga varðveitt í B-deild sjóðsins. Fyrir hvert ár sem greitt er til sjóðsins ávinnt ellilífeyrisréttur sem er 1,4% af þeim launum sem greitt er af og eru þau réttindi verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs. Ellilífeyrisaldur er 67 ára og makalífeyrisréttur ekki ævilangur.

#### Ábyrgð borgarsjóðs

Borgarsjóður Reykjavíkur ábyrgist skuldbindingar sjóðsins, en auk iðgjaldgreiðslna skulu borgarsjóður og viðkomandi stofnanir endurgreiða tiltekið hlutfall af útgjöldum til lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið er ákveðið af borgarstjórn að fenginni umsögn tryggingafræðings og sjóðsstjórnar. Endurgreiðsluhlutfall var 69% árið 2014 eða óbreytt frá fyrra ári.

### 3. Daglegur rekstur

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hefur frá 1. júní 1999 annast daglegan rekstur sjóðsins.

## II) Reikningsskilaaðferðir

### 4. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð á markaðsverði. Fjárhæðir ársreiknings eru í íslenskum krónum.

### 5. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur að meta ýmsa liði ársreikningsins. Matsaðferðirnar byggja á settum reikningsskilareglum. Endanleg niðurstaða ýmissa liða, sem metnir voru, getur orðið önnur en niðurstaða mats stjórnenda.

### 6. Iðgjöld

Iðgjöld eru færð til tekna þegar skilgreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem kröfur á launagreiðendur. Sérstök aukaframlög er hlutdeild launagreiðenda samkvæmt samþykktum sjóðsins. Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er hluti af tryggingargjaldi vegna launa og rennur til lækkunar og jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða.

### 7. Fjárfestingartekjur

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, jafnt vegna breytinga á gengi bréfanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og innlánnum. Einnig falla undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

### 8. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða áætlaðan kostnað við fjárfestingar eða annan rekstur sjóðsins.

Önnur fjárfestingargjöld samanstanda af beinum kostnaði við fjárfestingar sjóðsins.

## Skýringar

### 9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar á enga varanlega rekstrarfjármuni í árslok 2014.

### 10. Verðbréf með breytilegum tekjum

Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hluteildarskrteini verðbréfasjóða. Verðbréf með breytilegum tekjum skiptast í innlend og erlend hlutabréf og hluteildarskrteini. Erend verðbréf sjóðsins sem skráð eru á verðbréfamörkuðum eru eignfærð á markaðsverði miðað við síðasta skráða gengi þeirra í lok ársins. Verðbréfin eru umreiknuð í íslenskar krónur á skráðu kaupgengi í lok árs. Innlend hlutabréf sjóðsins sem skráð eru í Kauphöll Íslands eru eignfærð á markaðsverði í lok árs en óskráð hlutabréf á kostnaðarverði eða áætluðu gangvirði ef það er lægra.

### 11. Verðbréf með föstum tekjum

Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða tilteknu vaxtaviðmiði. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar með áföllnum verðbótum og vöxtum miðað við vaxtakjör verðbréfanna að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Áföllin eða gengisaukinn sem myndast við kaup verðbréfanna eru færð í ársreikninginn á afborgunartíma þeirra miðað við virka vexti. Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu kaupgengi í lok árs. Verðtryggðar eignir eru eignfærðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2015. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstóligna eru færðar í rekstrarreikningi.

Verðbréf með föstum tekjum eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hefur verið tekið tillit til áhættu vegna afskrifta ásamt almennri niðurfærslu.

### 12. Veðlán

Veðlán samanstanda af skuldabréfum með veði í fasteignum. Þau eru færð til eignar með sama hætti og önnur verðbréf með föstum tekjum.

### 13. Afleiðusamningar

Sjóðurinn er ekki með neina afleiðu- eða gjaldmiðlasamninga í árslok 2014.

### 14. Ertendur gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við skráð gengi Seðlabanka Íslands í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig í árslok:

	Mynt	Árslokagengi	
		2014	2013
Evra.....	EUR	153,84	158,06
Bandaríkjadollar.....	USD	126,60	114,76
Sænsk króna.....	SEK	16,39	17,90
Danskar krónur.....	DKR	20,66	21,19

### 15. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði.

### 16. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

### 17. Iðgjöld launagreiðenda

Iðgjöld launagreiðenda greinast þannig:

	2014	2013
Lögbundin iðgjöld launagreiðenda.....	226.806.407	227.536.534

#### Sérstök aukaframlög

Sérstök aukaframlög greinast þannig:

	2014	2013
Viðbótarhluteild í lífeyrsgreiðslum / samtímagreiðslur.....	106.466.459	98.643.253
Framlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrdi.....	23.444.319	23.807.571
	129.910.778	122.450.824

## Skýringar

18. Lífeyrir				
Lífeyrir greinist þannig:			<b>2014</b>	<b>2013</b>
Ellilífeyrir.....			2.477.370.103	2.193.488.688
Makalífeyrir.....			547.490.317	539.104.150
Örorkulífeyrir.....			180.571.466	190.020.343
Barnalífeyrir.....			1.988.932	2.224.475
			<u>3.207.420.818</u>	<u>2.924.837.656</u>

19. Tekjur (gjöld) af eignarhlutum				
Tekjur (gjöld) af eignarhlutum greinast þannig:			<b>Samtals</b>	<b>Samtals</b>
	<b>Innlend</b>	<b>Erlend</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>
Af hlutabréfum.....	193.700.802	(20.199.603)	173.501.199	240.094.287

20. Vaxtatekjur og gengismunur				
Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:			<b>Samtals</b>	<b>Samtals</b>
	<b>Innlend</b>	<b>Erlend</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>
Af verðbréfum með breytilegar tekjur.....	402.704.071	37.465.180	440.169.251	510.240.785
Af verðbréfum með fastar tekjur.....	2.820.799.469	0	2.820.799.469	4.143.240.713
Af veðlánnum.....	46.193.753	0	46.193.753	80.271.941
Af bankainnistæðum.....	67.680.972	0	67.680.972	26.081.383
Af kröfum.....	176.078	0	176.078	141.477
	<u>3.337.554.343</u>	<u>37.465.180</u>	<u>3.375.019.523</u>	<u>4.759.976.299</u>

21. Verðbréf með breytilegum tekjum				
Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:			<b>Samtals</b>	<b>Samtals</b>
	<b>Innlend</b>	<b>Erlend</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>
Skuldabréfasjóðir.....	757.664.344	0	757.664.344	1.026.880.596
Peningamarkaðssjóðir.....	271.930	0	271.930	673.997
Hlutabréf 1).....	2.279.232.006	74.744.060	2.353.976.066	1.237.766.130
Hlutabréfasjóðir.....	3.849.377.992	0	3.849.377.992	2.670.510.433
Hlutabréfatengd skuldabréf.....	4.166.061	0	4.166.061	3.354.000
Framtakssjóðir.....	60.000	0	60.000	1.144.035.888
	<u>6.890.772.333</u>	<u>74.744.060</u>	<u>6.965.516.393</u>	<u>6.083.221.044</u>

1) Eignarhlutdeild í einstökum hlutafélögum er undir 2% og bókfært verð einstakra eignarhluta er undir 0,5% af hreinni eign til greiðslu líffeyris.

22. Verðbréf með föstum tekjum				
Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:			<b>2014</b>	<b>2013</b>
Skuldabréf með ríkisábyrgð.....			45.045.099.686	46.194.520.709
Skuldabréf sveitarfélaga.....			2.114.105.399	2.011.050.671
Skuldabréf lánastofnana.....			1.568.765.543	1.036.152.524
Skuldabréf fyrirtækja.....			10.719.047.025	8.707.464.752
			<u>59.447.017.653</u>	<u>57.949.188.656</u>
Áætlað markaðsverð.....			60.602.206.365	59.341.639.265

## Skýringar

### 23. Niðurfærsla verðbréfa

Bókfært verð óskráðra skuldabréfa hefur verið fært niður varúðarniðurfærslu sem byggir á mati stjórnenda sjóðsins á því hvað viðkomandi skuldari getur greitt og verðmæti þeirra trygginga sem að baki liggja. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Breyting á niðurfærslu á árinu greinist þannig:

	2014	2013
Staða í ársbyrjun.....	766.883.861	1.004.766.235
Lækkun niðurfærslu á árinu.....	(2.112.838)	(130.390.138)
Tekjufært/gjaldfært á árinu.....	(34.102.309)	(107.492.236)
Staða í árslok.....	730.668.714	766.883.861

Niðurfærsla í árslok greinist þannig:

	2014	2013
Skuldabréf fyrirtækja.....	714.004.471	753.467.861
Hlutabréfatengd skuldabréf.....	16.664.243	13.416.000
	730.668.714	766.883.861

Aðrar eignir í ársreikningi þessum hafa ekki verið færðar niður með varúðarniðurfærslu

### 24. Veðlán

Veðlán greinast þannig (allt innlend):

	2014	2013
Veðlán til sjóðfélaga.....	697.577.217	776.510.430
Veðlán til annarra.....	0	131.759.716
	697.577.217	908.270.146

### 25. Aðrar fjárfestingar

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar á engar fullnustueignir í árslok 2014.

### 26. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum.

	Mynt	2014	2013
Íslenskar krónur.....	ISK	66.648.790.702	64.919.380.806
Bandaríkjadalur.....	USD	724.339.621	670.851.958
Danskar krónur.....	DKK	74.744.060	95.804.151
Evrur.....	EUR	70.050.121	18.873.312
Sænskar krónur.....	SEK	0	4.545.122
		67.517.924.504	65.709.455.349

### 27. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur eru vegna ógreiddra iðgjalda í árslok. Aðrar kröfur eru fyrirfram greiddur lífeyrir og ýmsar aðrar kröfur.

### 28. Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjóra

Laun til stjórnar greinast þannig:

	2014	2013
Björk Vilhelmsdóttir .....	1.320.000	1.320.000
Ása Clausen .....	660.000	660.000
Þorgrímur Hallgrímsson .....	660.000	660.000
Jón Fjörnir Thoroddsen .....	302.500	660.000
Heiðar Ingi Svansson .....	357.500	0
Hildur Sverrisdóttir .....	357.500	0
Júliur Vífill Ingvarsson .....	302.500	660.000
Kolbrún Hauksdóttir .....	10.200	10.200
	3.970.200	3.970.200

Framkvæmdastjóri er ekki á launaskrá, en sjóðurinn greiðir hlutdeild í rekstrarkostnaði Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og er sá kostnaður færður undir skrifstofu- og stjórnunarkostnað.

Laun til endurskoðunarnefndar greinast þannig:

	2014	2013
Birgir Björn Sigurbjörnsson .....	150.000	90.000
Björk Vilhelmsdóttir .....	60.000	60.000
Ása Clausen .....	100.000	60.000
	310.000	210.000

## Skýringar

### 29. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:

	2014	2013
Endurskoðun ársreiknings .....	5.453.423	5.009.432
Innri endurskoðun .....	1.123.989	730.787
Önnur aðstoð .....	0	249.369
	6.577.412	5.989.588

### IV) Tryggingafræðileg athugun

#### 30 Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok greinist þannig (í milljónum króna):

Samþykktir sjóðsins gera ekki ráð fyrir að iðgjöld til hans og ávöxtun þeirra dugi fyrir lífeyrisgreiðslum. Samkvæmt 22. grein samþykktu sjóðsins skulu því borgarsjóður og aðrir launagreiðendur greiða tiltekinn hundradshluta lífeyris skv. ákvörðun borgarstjórnar að fenginni umsögn sjóðstjórnar og tryggingastærðfræðings. Það hlutfall er nú 69% og er lífeyrissjóðnum þannig ætlað að standa undir 31% af greiddum lífeyri. Miðað við þetta hlutfall til framtíðar verða heildar eignir sjóðsins verulega hærri en heildar skuldbindingar. Fjárhæðir eru í þúsundum krónum.

Í útreikningnum er tekið tillit til framtíðar greiðslufæðis framangreindra endurgreiðslna en fyrir neðan er gerð grein fyrir niðurstöðum án þeirra.

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2014	Samtals 31.12.2013
<i>A - deild:</i>				
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	64.171	0	64.171	61.872
Endurmat verðbréfa.....	58	0	58	(1.411)
Lækkun v.núvirðis fj.festingakostnaðar.....	(1.123)	0	(1.123)	(1.059)
Hluti launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum.....	0	43.978	43.978	41.310
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	2.375	2.375	2.458
Eignir alls	63.106	46.353	109.459	103.170
Ellilífeyrir.....	61.462	4.414	65.876	61.702
Örorkulífeyrir.....	1.550	143	1.693	1.674
Makalífeyrir.....	13.899	719	14.618	14.124
Barnalífeyrir.....	13	6	19	41
Rekstrarkostnaður.....	1.556	155	1.711	1.615
Skuldbindingar alls	78.481	5.436	83.917	79.156
Eignir umfram skuldbindingar.....	(15.375)	40.917	25.542	24.014
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	(19,6%)	752,7%	30,4%	30,3%
<i>B - deild:</i>				
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	3.906	0	3.906	3.963
Endurmat verðbréfa.....	4	0	4	(91)
Lækkun v.núvirðis fj.festingakostnaðar.....	(68)	0	(68)	(68)
Eignir alls	3.841	0	3.841	3.804
Ellilífeyrir.....	3.293	0	3.293	3.234
Örorkulífeyrir.....	359	0	359	375
Makalífeyrir.....	113	0	113	120
Rekstrarkostnaður.....	76	0	76	75
Skuldbindingar alls	3.841	0	3.841	3.804
Eignir umfram skuldbindingar.....	0	0	0	0
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%

## Skýringar

<i>LsRb</i> alls	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2014	Samtals 31.12.2013
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	68.077	0	68.077	65.835
Endurmat verðbréfa.....	62	0	62	(1.502)
Lækkun v.núvirðis fj.festingakostnaðar.....	(1.191)	0	(1.191)	(1.127)
Hluti launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum.....	0	43.978	43.978	41.310
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	2.375	2.375	2.458
<b>Eignir alls</b>	<b>66.947</b>	<b>46.353</b>	<b>113.300</b>	<b>106.974</b>
<b>Eillífeyrir.....</b>	<b>64.755</b>	<b>4.414</b>	<b>69.169</b>	<b>64.936</b>
Örorkulífeyrir.....	1.909	143	2.051	2.049
Makalífeyrir.....	14.013	719	14.731	14.244
Barnalífeyrir.....	13	6	19	41
Rekstrarkostnaður.....	1.632	155	1.787	1.690
<b>Skuldbindingar alls</b>	<b>82.322</b>	<b>5.436</b>	<b>87.758</b>	<b>82.960</b>
Eignir umfram skuldbindingar.....	(15.375)	40.917	25.542	24.014
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	(18,7%)	752,7%	29,1%	28,9%
Ef ekki er tekið tillit til endurgreiðslna launagreiðenda á greiddum lífeyri verður tryggingafræðileg staða eftirfarandi:				
Samtals eignir umfram skuldbindingar.....	(15.373)	(3.061)	(18.434)	(17.297)
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	(18,7%)	(56,3%)	(21,0%)	(20,8%)

## Kennitölur

	2014	2013	2012	2011	2010	2009
<b>Ávöxtun</b>						
Nafnávöxtun .....	5,2%	8,0%	8,0%	8,6%	5,1%	12,5%
Hrein raunávöxtun .....	4,1%	4,2%	3,4%	3,2%	2,4%	3,6%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) .....	3,5%	3,4%	3,0%	4,0%	4,1%	4,3%
<b>Hlutfallsleg skipting fjárfestinga</b>						
Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð .....	7,7%	6,8%	3,5%	1,8%	1,1%	1,7%
Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð .....	1,5%	2,5%	1,9%	1,9%	1,6%	1,5%
Verðbréf með föstum tekjum, skráð .....	38,5%	34,9%	35,7%	35,2%	32,4%	27,2%
Verðbréf með föstum tekjum, óskráð .....	50,6%	53,2%	57,2%	59,1%	62,7%	67,2%
Veðlán .....	1,0%	1,2%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
Bankainnistæður .....	0,6%	1,4%	1,8%	2,0%	2,2%	2,4%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
<b>Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum</b>						
Eignir í íslenskum krónum .....	98,7%	98,8%	99,2%	99,2%	99,8%	100,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	1,3%	1,2%	0,8%	0,8%	0,2%	0,0%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
<b>Fjöldi</b>						
Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra) .....	562	613	668	740	792	845
Fjöldi lífeyrisþega (meðatal) .....	3109	3027	2.906	2.783	2.719	2.613
<b>Hlutfallsleg skipting lífeyris</b>						
Eilífeyrir .....	77,2%	75,0%	73,9%	73,8%	73,3%	72,8%
Makalífeyrir .....	17,1%	18,4%	19,0%	19,0%	19,2%	20,3%
Örorkulífeyrir .....	5,6%	6,5%	7,0%	7,1%	7,4%	6,8%
Barnalífeyrir .....	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
<b>Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegrí úttekt</b>						
Með framtíðar endurgreiðslur launagreiðenda á greiddum lífeyri:						
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar .....	29,1%	28,9%	27,7%	27,6%	30,6%	28,0%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar .....	(18,7%)	(17,8%)	(19,8%)	(18,7%)	(15,5%)	(16,5%)
Án framtíðar endurgreiðslu launagreiðenda á greiddum lífeyri:						
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar .....	(21,0%)	(20,8%)	(23,5%)	(22,9%)	(20,3%)	(22,7%)
<b>Rekstur</b>						
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign .....	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Lífeyrisbyrði (lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum) .....	156,8%	154,0%	150,9%	146,2%	146,8%	142,6%